

FUNDARGERÐ

FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

113. fundur félagsmálaráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn, 12.04.2011, kl. 13.00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Afgreiðslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi.
2. Umsókn um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna.
3. Úthlutun leiguíbúðar
4. Endurskoðun jafnréttisáætlunar.
5. Málefni fatlaðra. Fundargerð þjónustuhóps frá 25.02. 2011. Lagðar fram verklagsreglur um ráðningu starfsmanna.
6. Tilraunaverkefni Stígamóta á Norðurlandi vestra.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Lagðar fram afgreiðslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi. Sjá trúnaðarbók.
2. Umsókn um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna. Sjá trúnaðarbók.
3. Úthlutun félagslegrar leiguíbúðar. Borist hefur uppsögn á félagslegri leiguíbúð að Hvammstangabraut 41 e.h.s 4 umsóknir liggja fyrir. Félagsmálaráð samþykkir að teknu tilliti til VI. kafla reglugerðar 873/2001 um úthlutun félagslegra leiguíbúða og stigagjöf skv. matsblaði að úthluta íbúðinni til Klöru Helgadóttur kt. 150435-4479. Kristín Jóhannesdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.
4. Samkvæmt 14. kafla 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu jafnréttisnefndir sveitarfélaga hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Lögð fram jafnréttisáætlun Húnaþings vestra ásamt framkvæmdáætlun fyrir árin 2011-2015. Félagsmálaráð samþykkir framlögð drög og sendir þau til afgreiðslu sveitarstjórnar.
5. Málefni fatlaðra: Lögð fram til kynningar fundargerð þjónustuhóps um málefni fatlaðra frá 25. febrúar s.l. Lögð fram drög að verklagsreglum við ráðningu starfsfólks. Félagsmálaráð gerir ekki athugasemdir við framlögð drög.
6. Lagt fram til kynningar bréf um tilraunaverkefni Stígamóta á Norðurlandi vestra..

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 15:33

Guðrún Ragnarsdóttir fundarritari (sign.),
Henrike Wappler(sign.),
Sigrún Birna Gunnarsdóttir(sign.),
Gunnar Þorgeirsson(sign.),

Kristín Jóhannesdóttir(sign.),
Guðrún Helga Marteinsdóttir(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.),

